



5.-7. bekkur – námsgrein: LEIKLIST – kennari: Guy Stewart – tímafjöldi: 16 skipti, tvöfaldir tímar

Námsgögn:

- Efni frá kennara

Lykilhæfni:

Tjáning og miðlun: Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.

Skapandi og gagnrýnin hugsun: Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áráðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýnni hugsun og röksemdafærslu.

Sjálfstæði og samvinna: Hæfni til að vinna sjálfstætt, samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

Nýting miðla og upplýsinga: Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnninn hátt.

Ábyrgð og mat á eigin námi: Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

Grunnþættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun*. Sjá nánar í skólanámskrá Landakotsskóla.

Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár.

Í Landakotsskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Í megindráttum er endurgjöf og námsmat til nemenda með tvenns konar hætti:

- í formi óformlegs námsmats í gegnum samtal, hvatningu og leiðsögn í kennslustundum sem byggt er á skýrum markmiðum sem eru nemendum ljós.
- með formlegri hætti með ólíkum verkefnum sem nemandi vinnur ýmist í skólanum eða sem heimaverkefni. Nemendur sýna hæfni sína með ritgerðum, kynningum, munnlegum, verklegum eða skriflegum prófum, leikþáttum, stuttmyndum, framsöguverkefnum myndverkum eða dansverkum þar sem styrkleikar nemenda geta notið sín. Í þessum verkefnum fá nemendur formlegri endurgjöf sem getur verið í formi einkunnarorða, bókstafa, prósentutölu, stigagjafar eða umsagnar. Nemendur vinna einnig sjálfsmat og jafningamat með sambærilegum hætti. Námsmatið er grundvallað á þeim hæfniviðmiðum sem unnir er með hverju sinni.



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2025-2026

Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem náms- og kennsluaðferðir og námsmat byggjast á.

- Hæfniviðmiðin skýra fyrir nemendum til hvers er ætlast af þeim og leiðbeina við námið, hvetja og auka skilning á tilgangi námsins.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að gera sér skýra grein fyrir því hvað það er sem þeir vilja að nemendur nái tökum á varðandi þekkingu og leikni.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að velja hentugar kennsluaðferðir og skilgreina hvernig meta skuli árangur og hvort tiltekinni hæfni sé náð.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Náms- og kennsluaðferðir	Námsmat
	Nemandinn getur tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi.	Að samþykkja og fara eftir þrjár grundvallarreglur: stundvísi, jákvæðni og að sýna virðingu.	Símat. Endurgjöf byggð á hrósum.
	Nemandinn getur notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína.	Unnið með leikmuni og búninga í stuttum senum eða leikjum.	Sýnikennsla notuð í öllum tilfellum. Áhersla lagt á öryggi og tillitssemi. Símat. Endurgjöf byggð á hrósum.
	Nemandinn getur tjáð sig um tilfinningar sínar og gert ráð fyrir tilfinningar annarra.	Samtöl, formleg félagsfærniþjálfun, myndbrot um tilfinningamál og félagsfærni.	Símat. Endurgjöf byggð á hrósum og reglum tímans (stundvísi, jákvæðni, virðing).
	Nemandinn getur lært stuttan texta og flutt hann á skýran hátt fyrir áhorfendur.	Gert er ráð fyrir að nemandinn er læs og getur lesið upphátt, en nálgunin er einstaklingsbundin miðað við hvar hver nemandi er staddur á litrófi læsis.	Símat. Endurgjöf byggð á hrósum.
	Nemandinn getur sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi í leikhúsi eða á leiklistarviðburðum í skólanum.	Nemendur sýna og horfa á leikrit eftir samnemendur og sýna viðeigandi hegðun sem áhorfendur; og sýna virðingu í tíma meðan aðrir nemendur eiga orðið.	Símat. Endurgjöf byggð á hrósum og reglum tímans (stundvísi, jákvæðni, virðing).



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2025-2026

	Nemandinn getur sett sig í spor annarra í leikrænu ferli/hlutverkaleik og tekið þátt í viðtali sem ákveðin persóna.	Persónusköpun æfð gegn leiki og æfingum.	Símat. Endurgjöf byggð á hrósum.
	Nemandinn getur bent á leikið efni og ólík hlutverk þess í mismunandi samhengi, og lýst leiknu efni á sviði og/ eða í myndmiðlum út frá söguþræði, innihaldi og persónum í verkinu.	Nemendur byrja að flokka og skilgreina byggt á fyrri reynslu og sýnikennslu.	Símat. Endurgjöf byggð á hrósum.
	Nemandinn getur nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis; og skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu.	Gert er ráð fyrir að nemendur sýna yngri hóp nemanda í skólanum stutt leikrit.	Sjálfsmat eftir 5. bekk byggt á viðtölum við lok ferlis.
	Nemandinn getur sagt frá ferlinu við uppsetningu leiksyningar, helstu störfum sem unnin eru baksviðs í leikhúsi og lýst algengum sviðsbúnaði.	Nemendur byrja að öðlast skilningu um tæknileg atriði sviðslista gegnum kennslu, reynslu og námsefni.	Sjálfsmat eftir 5. bekk byggt á viðtölum við lok ferlis.
	Nemandinn getur rætt um leikið efni á sviði og myndmiðlum út frá fleiri en einu sjónarhorni og sett það að einhverju leyti í samhengi við eigið líf og samfélag.	Nemendur skoða margskonar leiklistarform gegnum myndbrotum og textum, í samhengi hvers samfélags og menningu.	Símat. Endurgjöf byggð á hrósum.

Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati.